

**Nd.**

**486. Nefndarálit**

**[159. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í þessu frv. felst annars vegar heimild til frádráttar frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri (sbr. 160. mál) og hins vegar ýmsar skattviltanir til fyrirtækjanna í landinu og hlutafjäreigenda. Í tengslum við hið síðar nefnda er gert ráð fyrir að framlög í fjárfestingarsjóði komi í stað varasjóðstillaga.

Varðandi frádráttarheimildir vegna fjárfestingar í atvinnurekstri visast til nefndarálits með 160. máli þar sem lagt er til að það verði athugað betur vegna augljósra galla. Þar er enda tími til stefnu.

Tillagan um fjárfestingarsjóð í stað varasjóðs er einnig athyglisverð en framkvæmdin er flókin. Sú hugmynd er því verð frekari skoðunar.

Á hinn bóginn eru engin skilyrði eða rök til þess nú, þegar launafólk hefur fórnað fjórðungi kaupmáttar síns og stórfelldir fjármunir verið fluttir til fyrirtækjanna, að bæta ofan á það skattalækkunum til fyrirtækja og hlutafjäreigenda. Er þetta enn furðulegra þar sem á lokastigi er í þinginu önnur skattalækkun á fyrirtækjunum sem stjórnarflokkarnir virðast ásáttir um að knýja fram með breytingum sínum á tekjuskattslögum.

Fólkið í landinu hefur tekið á sig miklar byrðar. Fyrirtækin verða líka að axla sitt.

Ríkisstjórnin kynnir nú þjóðinni samtímis mikla fjárvöntun ríkissjóðs og sérstaka skattalækkun á skattalækkun ofan hjá fyrirtækjunum og eiginlega afturvirka í ofanálág.

Þetta gengur ekki. Undirritaðir leggja því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. mars 1984.

Kjartan Jóhannsson,  
frsm.

Svavar Gestsson.